

Innsendar umsagnir úr samráðsgátt vegna tillögu til þingsályktunar um þróunarsamvinnustefnu 2023-2028

Svör utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið óskaði eftir athugasemdum eða hugmyndum almennings og annarra haghafa um drög að þingsályktunartillögu um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2023-2028. Drögin voru birt í samráðsgátt 14. júlí með upphaflegan frest til að skila inn athugasemdum 10. ágúst. Í ljósi þess að um sumarleyfistíma var að ræða var fresturinn framlengdur til 18. ágúst og voru innsendar umsagnir birtar jafn óðum og þær bárust á [Samráðsgátt stjórnvalda](#). Alls bárust sex umsagnir og fagnar utanríkisráðuneytið áhuga á málefnum. Ráðuneytið vill jafnframt koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem tóku þátt í opnum samráðsfundi um áherslumál nýrrar stefnu sem haldinn var 2. maí, en tilgangur fundarins var að fá innlegg frá helstu hagsmunaaðilum á Íslandi, enda mikilvægt að fá sem flest sjónarhorn inn í stefnumótunarvinnunni. Yfir 50 manns úr ýmsum áttum tóku þátt í fundinum, þar á meðal frá félagasamtökum, atvinnulífinu og fræðasamfélaginu. Fjölmargar góðar ábendingar komu fram á fundinum sem hafðar voru til hliðsjónar við mótun stefnunnar.

UMSÖGN 1 – SJÁVARÚTVEGSSKÓLI GRÓ

Sjávarútvegsskóli GRÓ fagnar því og þakkar fyrir að hafa fengið að taka þátt í samráðsfundi sem haldinn var 2. maí sl. um mótun þeirrar þingsályktunar sem hér er til umsagnar. Að mati skólans er hún metnaðarfull og myndar ágætan ramma fyrir áframhaldandi starf á fyrirliggjandi grunni. Í henni kemur m.a. fram viðurkenning á mikilvægi sjávarútvegs og sjálfbærri nýtingu hafa og vatna í þróunarsamvinnu Íslands, svo og á framlagi Sjávarútvegsskólans við útfærslu og framkvæmd. Skólinn vill þó koma áframfæri einni ábendingu:

Í ályktuninni bls. 6, lið IV. „GRÓ — Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu“ er vísað til niðurstöðu jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD frá því á síðasta ári. Niðurstöður úttektarinnar eru mikilvægar og nauðsynlegt að allir hagaðilar í þróunarsamstarfinu bregðast við þeim með viðunandi hætti sem fyrst. Að mati Sjávarútvegsskólans er það hins vegar óæskilegt að vísa beint til úttektar OECD/DAC í ályktuninni sjálfri, þ.e. í vevvísi (stefnu) stjórnvalda, sem ætlað er að standa allt til ársins 2028. Hætt er við að það myndi leiða til þess að áætlunin standist illa tímans tönn og að draga muni úr gagnsemi hennar, með hverri nýrri úttekt sem framkvæmd verður á næstu misserum og árum. Betur færi á því að einskorða þingsályktunina sjálfa við skýra langtímasýn, þ.e. málefni sem sýnt er að unnið verður að meira og minna á öllum gildistíma hennar.

SVAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Utanríkisráðuneytið þakkar Sjávarútvegsskóla GRÓ fyrir innsenda umsögn. Það er ánægjulegt að Sjávarútvegsskólinn telji að stefnan sem sett er fram í drögunum sé metnaðarfull og að hún myndi ágætan ramma fyrir starfið framundan. Varðandi ábendinguna sem sett er fram vill ráðuneytið undirstrika það að skólar GRÓ (áður skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi) hafa um árabil verið mikilvægur þáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Á sama tíma þykir ráðuneytinu áriðandi að ábendingar Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) um starfsemi skólanna, sem hefur nú í tvígang verið beint til íslenskra stjórnvalda skólanna, séu tekin til útarlegrar skoðunar. Ráðuneytið telur því fulla ástæðu til að vísa til ábendinga DAC í þingsályktunartillögunni með það fyrir augum að efla starfið.

UMSÖGN 2 – LANDSNEFND UNICEF Á ÍSLANDI

Landsnefnd UNICEF á Íslandi fagnar tækifærinu til að senda inn umsögn um drög að þingsályktunartillögu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands árin 2024-2028. Eftirfarandi athugasemdir og ábendingum vill landsnefndin koma á framfæri með von um góð viðbrögð.

Fyrirmyndarsamstarf við UNICEF:

Það er fagnaðarefni að UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, er áfram kjarnastofnun í þróunarsamvinnu ásamt UN Women, UNFPA og Alþjóðabankanum. Samstarf UNICEF og utanríkisráðuneytisins hefur verið farsælt og eftir því tekið á alþjóðavettvangi. Fyrirsjáanleiki framlaga og hækkun þeirra til kjarnastarfsemi UNICEF skiptir miklu máli og þykir Ísland fyrirmyndar samstarfsaðili UNICEF. Áherslan á samstarf við UNICEF er áþreifanleg birtingarmynd yfirlýstrar áherslu á réttindi barna í þróunarsamvinnustefnunni. Þó telur landsnefnd UNICEF að skýra þurfi betur markmið stjórnvalda í þeim efnum. Nánar er vikið að því neðar í þessari umsögn.

Framlög til þróunarsamvinnu:

Það er ánægjulegt að sjá áform um að hækka framlög Íslands til þróunarsamvinnu á komandi árum. Slík þróun er brýn til að auka tækifæri allra barna til velmegunar þrátt fyrir þær ógnarstóru áskoranir sem heimurinn – og þá sérstaklega efnaminni ríki – standa frammi fyrir. Hamfarahlýnun, vopnuð átök, vaxandi fátækt, hungur, útbreiðsla sjúkdóma sem hægt er að fyrirbyggja og áskoranir við að tryggja öllum börnum samfellda skólagöngu eru aðstæður sem kalla á metnað í framlögum Íslands til þróunarsamvinnu; meiri metnaðar en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Að mati UNICEF á Íslandi ætti markmið íslenskra stjórnvalda vera að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af vergum þjóðartekjum á tímabilinu 2024-2028. Þannig skapar Ísland sér sérstöðu með því að sýna mátt hins mögulega og setur þrýsting á stærri ríki að gera slíkt hið sama. Ljóst er að næstu fjögur ár verða erfið fyrir börn í efnaminni ríkjum heimsins. Það þarf djörfung til að spyrna við þeirri þróun og róa öllum árum að því að tryggja framgang Heimsmarkmiðanna fyrir árið 2030. Það er mikilvægt að stjórnvöld ætli sér að setja langtíma áætlun um stuðning við mannúðaraðstoð og uppbyggingu í Úkraínu. Þá er ekki síður mikilvægt að sá stuðningur verði ekki á kostnað mannúðaraðstoðar í efnaminni ríkjum heimsins heldur viðbót við framlög Íslands til þróunarsamvinnu, líkt og tekið er fram í stefnunni. Þá telur landsnefnd UNICEF á Íslandi að stefnumótun um framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu ætti að vera gerð óháð kostnaði íslenskra stjórnvalda við móttöku fólks á flóttu og hælisleitenda. Það er ólíklegt að sá hópur sem hingað leitar eftir öryggi og betri framtíð fari minnkandi á næstu árum og réttindi þessa hóps þarf að tryggja, þá sérstaklega stuðning við börn og barnafjölskyldur í viðkvæmri stöðu. UNICEF á Íslandi telur að framlög til íslenska ríkisins vegna þessa mikilvæga málaflökks ætti ekki að telja sem hluta af hækkandi framlögum Íslands til þróunarsamvinnu þrátt fyrir að reiknireglur OECD DAC leyfi annað. Betur færi á að „hækkandi framlög skili sér til fátækustu ríkjana“ líkt og segir í umræddri stefnu stjórnvalda um þróunarsamvinnu.

Réttindi barna:

UNICEF á Íslandi fagnar því að eitt af yfirmarkmiðum stefnunnar sé virðing fyrir mannréttindum. Í inngangi segir jafnframt að „Ísland leggi mannréttindi til grundvallar stefnu sinni, setji jafnrétti kynjanna og réttindi barna í öndvegi og styðji við berskjaldaða hópa, þar á meðal hinsegin fólk.“ Virðing fyrir réttindum barna er forsenda sjálfbærrar þróunar og það er lykilatriði að stefnumótun stjórnvalda um alþjóðlegt samstarf byggi á þekkingu á stöðu barna og hvernig styðja megi best við réttindi þeirra. Í því ljósi skýtur skökku við að í kafla stefnunnar þar sem fjallað er um mannréttindi sé ekki minnst á réttindi barna ef frá er talin valdefling stúlkna sem ekki er útskýrð nánar. Í kafla um innviðaupbyggingu er aftur á móti fjallað um aðgengi að menntun, næringu, heilbrigðisþjónustu, vatni og hreinlætisaðstöðu sem eru grundvallarmannréttindi. Þar vantar upp á samræmi í hugmyndinni um réttindi barna sem í eðli sínu eru jafnt efnahagsleg, félagsleg og borgaraleg. UNICEF á Íslandi leggur til að í kafla um mannréttindi og

jafnrétti kynjanna verði fjallað nánar um hvernig unnið skuli að réttindum barna og hver markmið stjórnvalda séu í því samhengi. Þá leggur landsnefndin til að stjórnvöld fari að tilmælum þróunarsamvinnuskrifstofu OECD, sem vísað er til í greinargerð stefnunnar, og styrki árangursmiðaða nálgun sína til að bæta mælingar og miðlun á árangri m.a. með því að bæta grundvallarárangursvísun við hvert markmið þróunarsamvinnustefnunnar. Aðgerðaáætlun svipuð þeirri sem gerð er fyrir konur, frið og öryggi kynni að vera gagnleg til að ná þessum markmiðum og lýsir landsnefndin yfir vilja sínum til að aðstoða við gerð slíkrar áætlunar.

Mannúðaraðstoð:

Áframhaldandi áhersla Íslands á mannúðaraðstoð og störf í þágu friðar skiptir miklu mál og er ánægjulegt að sjá áframhaldandi stuðning við lykilstofnanir SP á því sviði í stefnunni. Ljóst er að þörfin fyrir fjármagn til að bregðast við neyð mun síst minnka á komandi árum. Landsnefnd UNICEF á Íslandi vill benda á að til viðbótar við framlög til lykilstofnana er hægt að beina fjármagni vegna neyðar og mannúðaraðstoðar til UNICEF sem gegnir lykilhlutverki í að tryggja öryggi og réttindi barna þegar neyðarástand skapast, vegna náttúruhamfara, stríðsátaka eða annarra hörmunga. UNICEF leiðir viðbrögð í vatns- og hreinlætismálum fyrir hönd The Global Wash Cluster og gegnir einnig lykilhlutverki hvað varðar næringu barna og menntun. Þegar neyðarástand skapast eru börn í hvað viðkvæmastri stöðu og UNICEF sinnir mannúðaraðstoð á vettvangi með samstarfsaðilum í yfir 60 löndum á hverju einasta ári með öryggi og réttindi barna að leiðarljósi.

Loftslagsmál:

Það er ánægjulegt að sjá að aukinn þungi verði lagður í viðbrögð við loftslagsvánni samkvæmt stefnunni. Nánast hvert einasta barn í heiminum verður nú fyrir að minnsta kosti einu áfalli af völdum loftslagsvánnar og um það bil 1 milljarður barna - næstum helmingur allra barna í heiminum - er mjög berskjaldaður vegna þessa. Loftslagsváin er stærsta ógn við réttindi barna í heiminum í dag og brýnt að það endurspeglar skýrt í nýrri stefnu íslenskra stjórnvalda. Það er mat landsnefndar UNICEF á Íslandi að sérstakar áherslur á börn og réttindi þeirra vanti alfarið í núverandi drög að þróunarsamvinnustefnunni og að mikilvægt sé að bæta þar úr. Börn um allan heim hafa í fleiri ár kallað eftir alvöru aðgerðum í loftslagsmálum en þau eru þó enn að miklu leyti útilokuð í loftslagsáætlunum, hafa lítið sem ekkert hlutverk í loftslagsstefnum og ákvörðunum ríkja í loftslagsmálum. Eins eru núverandi loftslagsaðlögunar-, loftslagsmótvægis- eða aðgerðaráætlanir í loftslagsmálum sjaldnast miðaðar að börnum. UNICEF hefur lengi kallað eftir því að ríkisstjórnir heimsins grípi til róttækra aðgerða, stórauki stuðning sinn til loftslagsaðlögunar og mótvægisáðgerða og minnki tafarlaust losun gróðurhúsalofttegunda. UNICEF hefur einnig lagt áherslu á að þessar aðgerðir séu miðaðar að börnum og að börn séu raunverulegir þátttakendur í stefnumótun og aðgerðum. UNICEF á Íslandi leggur til að barnmiðuð loftslagsstefna verði hluti af þróunarsamvinnustefnu Íslands. Með barnvænni loftslagsstefnu er átt við að:

- Forgangsraða börnum og ungu fólki í fjárframlögum til loftslagsmála og tryggja að fjárfestingar í loftslagsmálum verndi börn, sérstaklega viðkvæmstu hópa barna;
- Koma í veg fyrir enn frekari hörmungar fyrir börn og ungmenni með því að draga stórlega úr losun gróðurhúsalofttegunda og hraða umskiptum yfir í endurnýjanlega orku;
- Vernda börn og ungmenni gegn bráðum áhrifum loftslagshamfara með því að aðlaga þá þjónustu sem börn reiða sig á;
- Undirbúa börn fyrir áhrif loftslagsbreytinga með fræðslu, færni til að starfa í grænu hagkerfi, og raunverulegri og þroskandi þátttöku þeirra í stefnumótun.

UNICEF á Íslandi endurtekur það sem bent var á í umsögn landsnefndarinnar um nýja Grænbók um sjálfbært Ísland. Það er mikilvægt að börn og ungt fólk fái vettvang til að ræða við stjórnvöld og krefjast nauðsynlegra breytinga og fái sæti við borðið í stefnumótun. Ein af grundvallargreinum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið hér á landi, er 12. greinin sem kveður á um virðingu fyrir skoðunum barna um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Hér gæti Ísland sýnt gott fordæmi með

Því að setja börn og réttindi þeirra í forgrunn þegar kemur að stefnumótun, fjárframlögum og fjárfestingum til mótvægisáðgerða og aðlögunar vegna loftslagsmála. UNICEF starfar í yfir 190 löndum og veitir mikilvæga þjónustu fyrir börn sem margar hverjar eru sérstaklega aðlagðar að loftslagsbreytingum (meðal annars vatns- og hreinlætismál, heilbrigðisþjónusta og menntun). Landsnefnd UNICEF á Íslandi er reiðubúin að vera stjórnvöldum innan handar í þeirri vegferð.

SVAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Ráðuneytið þakkar Landsnefnd UNICEF á Íslandi fyrir innsenda umsögn. Ráðuneytið tekur undir með landsnefndinni varðandi þær ógnarstóru áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir – sér í lagi efnaminni ríki.

Utánríkisráðuneytið undirstrikar að íslensk stjórnvöld styðja áfram heilshugar markmið Sameinuðu þjóðanna um að veita sem nemur 0,7% af VÞT til opinberrar þróunarsamvinnu. Sú árlega hækkun framlaga sem lögð er til í drögnum er mikilvæg varða í átt að því markmiði, og sé miðað við svipaða árlega hækkun næstu árin má gera ráð fyrir því að Ísland nái markmiði sínu árið 2035. Tilvísan þess efnis hefur verið bætt inn í textann í samræmi við ábendingar Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) þess efnis.

Varðandi athugasemd landsnefndarinnar um að stefnumótun ætti að vera gerð óháð kostnaði íslenskra stjórnvalda við móttöku fólks á flóttu og hælisleitenda bendir ráðuneytið á að líkt og önnur aðildarríki Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) fylgja íslensk stjórnvöld samþykktari aðferðafræði DAC um hvað telst til opinberra þróunarframlaga. Rétt er að benda á að aðeins lítill hluti kostnaðar við umsækjendur um vernd og móttöku þeirra getur talist til opinberra framlaga til þróunarsamvinnu.

Ráðuneytið þakkar landsnefndinni fyrir góðar ábendingar varðandi umfjöllun um réttindi barna í drögnum. Réttindi barna eru mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands sem endurspeglar meðal annars í því að UNICEF er ein af fjórum áherslustofnunum í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum árum aukið stuðning við UNICEF umtalsvert, ekki síst í formi kjarnaframlaga. Þá eru börn og réttur þeirra til heilsu, menntunar og næringar í aðalhlutverki í tvíhliða samstarfsríkjum Íslands. Mikilvægt er að drögin endurspegli réttilega þá stefnu íslenskra stjórnvalda og hefur ráðuneytið því styrkt þennan þátt textans. Hvað hlutverk UNICEF í mannúðaraðstoð áhrærir bendir ráðuneytið á mikilvægi kjarnaframlaga, en stór þáttur í ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að hækka kjarnaframlög til áherslustofnana voru ekki síst með það í huga að gera stofnunum betur kleift að bregðast við þegar neyð brýst út. Ráðuneytið tekur undir með landsnefndinni að loftslagsváin er stærsta ógn mannkyns, þar á meðal barna. Íslensk stjórnvöld leggja því ríka áherslu á aukinn stuðning bæði við mótvægis og aðlögunaraðgerðir. Á þessum tímapunkti telur ráðuneytið ekki svigrúm til að taka upp barnsmiðaða loftslagsstefnu en þakkar gagnlega ábendingu sem tekin verður til ítarlegri skoðunar í ráðuneytinu. Að lokum vill ráðuneytið þakka fyrir tillögur varðandi markmiðasetningu og árangursstjórnun en aðgerðaráætlun fyrir starfið 2024-2025 inniheldur árangursvísa fyrir hvert markmið.

UMSÖGN 3 – JARÐHITASKÓLI GRÓ

Utánríkisráðuneytið hefur lagt fram drög að þingsályktunartillögu um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024–2028 og óskað eftir athugasemdum eða hugmyndum almennings og annarra hagaðila. Jarðhitaskólinn hefur leikið stórt hlutverk í þróunarsamvinnu Íslands um nærri hálfra aldar skeið og hafa fastir starfsmenn skólans, Guðni Axelsson forstöðumaður, Ingimar G. Haraldsson aðstoðarforstöðumaður og Málfríður Ómarsdóttir verkefnisstjóri, lesið drögin yfir. Umsögn þessi er send í nafni þeirra.

Stefnan sem drögin lýsa er metnaðarfull og gerir ráð fyrir verulegri aukningu í fjárframlögum á tímabilinu 2024 – 2028. Jarðhitaskólinn fagnar því og lýsir sig reiðubúinn að taka þátt í þeirri vinnu sem það kallar á. Grunnstarfsemi Jarðhitaskólans felst í 6-mánaða þjálfun hóps nemenda frá þróunarlöndum í flestum þáttum jarðhitarannsókna og nýtingar. Auk þess styður skólinn nokkra fyrrverandi 6-mánaða nema til framhaldsnáms í jarðhitafræðum við háskóla á Íslandi árlega, heldur námskeið á vettvangi í þróunarlöndum og styður við nokkur lengri þjálfunarprógrömm utan Íslands. Niðurstöður ýmissa úttekta og eftirfylgni Jarðhitaskólans með fyrrum nemendum og þróun í þeirra heimalöndum hafa staðfest mikla gagnsemi allra þátta þjálfunarinnar.

Jarðhitaskólinn er tilbúinn að takast á við þá eflingu starfseminnar sem þingsályktunartillögdrögin benda til að geti orðið á næstu árum, bæði þjálfunina hér á landi og starfsemina á vettvangi. Skólinn hefur lengi stefnt að því að efla það síðarnefnda auk þess að hafa aðeins reynt fyrir sér með netnámskeiðum.

Við viljum þó gera þá athugasemd við þingsályktunartillögdrögin og viðkomandi greinargerð að þar er mikið vísað til jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD frá 2022. Við teljum ekki síður mikilvægt að hafa í huga niðurstöður annarra úttekta sem hafa verið gerðar á starfsemi GRÓ-skólanna, þ.á.m. Jarðhitaskólans. Þær hafa að öllu jöfnu verið mjög jákvæðar hvað varðar gagnsemi starfsemi Jarðhitaskólans. Við viljum sérstaklega nefna umfjöllun um GRÓ á bls.18 – 19, en þar er m.a. vísað í þá niðurstöðu jafningjarýnninnar að þjálfun nema á Íslandi sé kostnaðarsöm. Hér verður að hafa í huga niðurstöður annarra úttekta, sem hafa staðfest mikla gagnsemi þessa fyrirkomulags og að hún sé kostnaðarins virði, þ.á.m. niðurstöður úttektar á framhaldsnámsstuðningi GRÓ skólanna, sem er nýlukið. Auk þess má nefna að setning um miðbik bls. 19 sem segir „Í rýniskýrslunni er umgjörð starfsins sögð orðin betri með tilkomu GRÓ ...“ byggir á ónákvæmri þýðingu (þ.e. “Since Iceland’s scholarship and training programmes became the GRÓ Centre for Sustainable Development in January 2020, the overall approach has become more structured.”). Rétt þýðing væri „Í rýniskýrslunni er umgjörð starfsins sögð orðin skipulagðari með tilkomu GRÓ“.

SVAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Utanríkisráðuneytið þakkar Jarðhitaskóla GRÓ fyrir innsenda umsögn og það er ánægjulegt að Jarðhitaskólinn telji að stefnan sem drögin lýsa sé metnaðarfull. Varðandi athugasemdirna sem sett er fram vill ráðuneytið undirstrika það að skólar GRÓ (áður skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi) hafa um árabil verið mikilvægur þáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Ráðuneytið er jafnframt meðvitað um margvíslegar úttektir sem gerðar hafa verið á starfsemi skóla GRÓ, þar á meðal Jarðhitaskólans. Á sama tíma þykir ráðuneytinu áriðandi að ábendingar Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) um starfsemi skólanna, sem hefur nú í tvígang verið beint til íslenskra stjórnvalda skólanna séu tekin til ítarlegrar skoðunar. Hafa ber í huga að jafningjarýni DAC er frábrugðin hefðbundnum úttektum á einstökum verkefnum og stofnunum að því leyti að horft er til allra þátta alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og mat lagt á starfið með heildrænum hætti með viðmið DAC og reynslu annarra ríkja til hliðsjónar. Ráðuneytið telur því fulla ástæðu til að vísa til ábendinga DAC í þingsályktunartillögum með það fyrir augum að efla starfið.

**UMSÖGN 4 – FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK Í ÞRÓUNARSAMVINNU
(BARNAHEILL, SOS BARNÞORPIN Á ÍSLANDI OG RAUÐI
KROSSINN Á ÍSLANDI)**

I. Inngangur

Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu fagna flestum atriðum tillögunnar og telja þau í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í málaflokknum sem og siðferðislegar skyldur. Því er einnig fagnað að stjórnvöld skuli bregðast við nokkrum af tilmælum jafningjarýni OECD (DAC) í þessari nýju tillögu. Undirrituð félagasamtök hafa átt í góðu samstarfi við íslensk stjórnvöld og geta borið vitni um margt sem vel er gert hjá íslenskum stjórnvöldum þegar kemur að þróunarsamvinnu. Þeir rammasamningar sem gerðir voru við félagasamtök í fyrra hafa reynst framfaraskref og áformum um að halda uppteknum hætti þar er fagnað. Áhersla yfirvalda á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og umhverfis- og loftslagsmál sem bæði þverlæg áherslu atriði og sértæk hefur reynst félagasamtökum vel í sínu starfi og því er fagnað að hugað verði sérstaklega að berskjölduðum hópum og aukins jafnaðar.

II. Almennar athugasemdir

Átökin í Úkraínu hafa dregið athygli margra frá öðrum hamfarasvæðum og neyð, aukið vandann víða um heim og gert fjármögnun margra annarra þróunar- og mannúðarverkefna erfiðari. Undirrituð fagna því þeim áformum að framlög stjórnvalda til mannúðaraðstoðar og uppbyggingar í Úkraínu komi til viðbótar við framlög til þróunarsamvinnu og kalla eftir því að þau áform gangi eftir. Framlögð tillaga stjórnvalda gengur út frá því að 0,35% - 0,46% af vergum þjóðartekjum fari í þróunarsamvinnu á tímabilinu. Undirrituð telja þessa áætlun ófullnægjandi, meðal annars, af eftirtöldum ástæðum:

a) Íslensk stjórnvöld hafa, allt frá árinu 1971, stutt og fest í lög þau markmið Sameinuðu þjóðanna að iðnríki skuli veita sem nemur að minnsta kosti 1% þjóðartekna til þróunarsamvinnu. Núverandi áætlun hljóðar upp á 0,48% sem stenst ekki hálftrar aldar gömul lögbundin markmið íslenskra stjórnvalda og er því ekki til að auka trúverðugleika Íslands í samfélagi þjóðanna.

b) OECD (DAC) hefur ítrekað gert athugasemdir við það hve langt Ísland er frá opinberri stefnu landsins um 0,7%. Því er ranglega haldið fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni að áætlanir um að ná 0,46% sé í takti við ábendingar DAC sem hefur lagt til að gerð verði tímasett áætlum um að ná lögfestu 0,7% markmiði.

Í þessari umsögn er því lagt til að stjórnvöld fari að tilmælum DAC og geri tímasetta áætlum um að ná ofangreindu markmiði sem fyrst. Það er vel að íslensk stjórnvöld stefni að því að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna um að veita a.m.k. 0,15 - 0,2% af vergum þjóðartekjum til fátækustu ríkjanna eins og tekið er fram á bls. 2 í þingsályktunartillögunni. Sú áhersla að framlögin séu ætluð fátækustu ríkjunum til framdráttar mætti vera skýrari þar sem í tillögunni er einnig töluvert minnst á ríki sem ekki teljast til fátækustu ríkja. Þrátt fyrir að mannúðaraðstoð geti verið nauðsynleg utan fátækustu ríkjanna, telja undirrituð þó mikilvægt að fátækustu ríkin mæti ekki afgangi. Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að það sé skýrt að stuðningur við ríki Austur Evrópu komi til viðbótar við framlög til fátækustu ríkjanna. Sameinuðu þjóðirnar hvetja auk þess ríki sem veita opinbera þróunaraðstoð til þess að setja sér það markmið að verja a.m.k. 0,2% af vergum þjóðartekjum til ríkja sem eru hvað skemmst á veg komin. Því er hér lagt til að stjórnvöld setji sér það markmið að veita að lágmarki 0,2% af vergum þjóðartekjum til fátækustu ríkjanna í stað þess að setja lágmarkið í raun við 0,15%.

Það er óviðunandi að stjórnvöld leggi fram stefnu í málaflokki þar sem stór hluti framlaga er á hendi ráðuneyta sem ekki koma að mótun stefnu um þróunarsamvinnu. Þar er átt við kostnað hér á landi vegna móttöku flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Með þessu eru félagsmálaráðuneyti og

dómsmálaráðuneyti gefið ótakmarkað umboð til að hafa áhrif á kostnaðarliði sem heyra undir þróunarsamvinnu með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á aðra kostnaðarliði. Kostnaður hér á landi vegna móttöku flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd gerir íslenskum stjórnvöldum auk þess erfiðara að ná markmiðum um hlutfall af vergum þjóðartekjum sem fari til fátækustu ríkjanna sem getið er hér að ofan. Þrátt fyrir að ríki OECD (DAC) geti talið kostnað af móttöku flóttafólks og hælisleitenda sem opinbera þróunaraðstoð þá er það alls ekki nauðsynlegt. Ríki OECD (DAC) geta einnig gert skil á þeim kostnað sem viðbót við þau framlög sem áætluð hafa verið til þróunarsamvinnu. Þýskaland og Austurríki hafa valið að fara þá leið til þess að móttaka flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd hafi ekki neikvæð áhrif á aðra þróunarsamvinnu. Undirrituð leggja til að Íslensk stjórnvöld velji sömu leið og geri grein fyrir framlögum til opinberrar þróunarsamvinnu.

Undirrituð fagna því að leggja eigi áherslu á samstarf við félagasamtök, hvort sem þau eru íslensk, alþjóðleg eða á vettvangi í samstarfsríkjum. Félagasamtök hafa einstaka tengingu við grasrótina, gegna lykilhlutverki í lýðræðissamfélögum og berjast fyrir réttindum þeirra sem berskjaldaðir eru. Þá geta þau oft starfað við aðstæður sem aðrir geta ekki eða vilja ekki. Þau stuðla einnig að eignarhaldi heimamanna og að þróunarsamvinnu sé unnin á forsendum þeirra. Íslensk félagasamtök, oft í samvinnu við alþjóðleg samtök, leggja mikið upp úr stuðningi við getu félagasamtaka á vettvangi og gegna oft lykilhlutverki í eflingu smærri félagasamtaka. Þrátt fyrir þessa þætti hafa íslensk stjórnvöld valið að nýta þann vettvang sem félagasamtök eru í minna mæli en mörg nágrannaríki okkar. Við hvetjum til endurskoðunar á því og leggjum til að hlutfall til þróunarsamvinnu gegnum félagasamtök verði hækkað.

Að lokum, er mikilvægi eignarhalds heimamanna nefnd í þingsályktunartillögunni, en það er stef sem mætti óma hærra í allri stefnu Íslenskra stjórnvalda í takt við þann tíðaranda sem nú ríkir innan þróunarsamvinnugeirans.

III. Lokaorð

Fulltrúar félagasamtakanna er standa að umsögn þessari eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir athugasemdum samtakanna sé þess óskað.

SVAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Ráðuneytið þakkar fulltrúum frjálsra félagasamtaka á Íslandi fyrir innsenda umsögn. Það er ánægjulegt að þau fagni flestum atriðum tillögunnar, þar á meðal um hækkun framlaga og að stuðningur við Úkraínu komi til viðbótar við stuðning við fátækustu ríkin.

Varðandi athugasemdir fulltrúa frjálsra félagasamtaka varðandi framlög til þróunarsamvinnu og tillögur til hækkunar vill utanríkisráðuneytið undirstrika að íslensk stjórnvöld styðja áfram heilshugar markmið Sameinuðu þjóðanna um að veita sem nemur 0,7% af VÞT til opinberrar þróunarsamvinnu. Sú árlega hækkun framlaga sem lögð er til í drögunum er mikilvæg varða í átt að því markmiði, og sé miðað við svipaða árlega hækkun næstu árin má gera ráð fyrir því að Ísland nái markmiði sínu árið 2035. Tilvisan þess efnis hefur verið bætt inn í textann í samræmi við ábendingar Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) þess efnis.

Ráðuneytið þakkar ábendingar varðandi áherslu á fátækustu ríkin, enda um mikilvægt markmið að ræða fyrir íslensk stjórnvöld. Endurspeglast það ekki hvað síst í þeirri staðreynd að gert er ráð fyrir að stuðningur við Úkraínu komi til viðbótar við önnur, hefðbundnari framlög til þróunarsamvinnu. Á sama tíma er rétt að hafa í huga að þótt lögð sé rík áhersla á stuðning við fátækustu ríkin og sérstök markmið sett þar um ber íslenskum stjórnvöldum skylda til að veita stuðning, þó í minni mæli sé, til annarra svæða, þar á meðal Austur Evrópu. Hvað athugasemd um kostnað vegna móttöku flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd áhrærir bendir ráðuneytið á að líkt og önnur aðildarríki Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) fylgja íslensk stjórnvöld samþykktari aðferðafræði DAC um

hvað telst til opinberra þróunarframlaga. Á sama tíma er rétt að benda á að aðeins lítill hluti kostnaðar við umsækjendur um vernd og móttöku þeirra getur talist til opinberra framlaga til þróunarsamvinnu.

Utanríkisráðuneytið tekur undir með fulltrúum félagasamtaka að íslensk, alþjóðleg og staðbundin félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Ráðuneytið telur það hafa sýnt framangreint í verki með því að styrkja samstarf við félagasamtök, þar á meðal með rammisamningum við stærstu félagasamtökin til að auka fyrirsjáanleika og sveigjanleika í samstarfi. Á sama tíma telur ráðuneytið ekki viðeigandi að setja sérstök markmið um hlutfall framlaga sem ber að veita í gegnum félagasamtök, ekki frekar en um aðra samstarfsaðila.

Síðasta athugasemd fulltrúa frjálsra félagasamtaka snýr að eignarhaldi heimamanna og að það stef megi óma hærra í tillögunni. Í ljósi þess að eignarhald heimamanna er grundvallarþáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands hefur orðalag í tillögunni verið styrkt til samræmis og þakkar ráðuneytið gagnlega ábendingu.

UMSÖGN 5 – LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

Landssamtökin Þroskahjálpi vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og ungmenni og fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Jafnframt er ævinlega horft til heimsmarkmiða SP í verkefnum samtakanna.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum greinum og ákvæðum hans og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja það, sbr. 4. gr. samningsins. Ríkisstjórnin vinnur nú að innleiðingu samningsins samkvæmt sérstakri landsáætlun þar um og hyggst lögfesta samninginn á kjörtímabilinu. 32. gr. samningsins hefur yfirskriftina Alþjóðlegt samstarf og hljóðar svo:

Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og eflingu þess til stuðnings innlendum aðgerðum til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi verði að veruleika og munu gera viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir hvað það varðar milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Slíkar ráðstafanir gætu meðal annars tekið til þess:

- a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, þar á meðal alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,
- b) að greiða fyrir og styðja uppbyggingu þekkingar og getu, þar á meðal með því að skiptast á og miðla upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,
- c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,
- d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, meðal annars með því að auðvelda aðgang að og miðla aðgengilegri og styðjandi tækni og með yfirlýsingu á tækni.

Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Í 11. grein er fjallað sérstaklega um aðstæður sem skapa hættu og neyðaraðstoð sem kallar á mannúðaraðstoð og þar segir:

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðalögum, þ.m.t. alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja vernd og

öryggi fatlaðs fólks þegar hættuástand ríkir, þar á meðal vopnuð átök, neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamfarir.

Í stefnuþróðum þeim sem hér eru til umsagnar kemur fram að útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði verði yfirmarkmið í þróunarsamvinnu 2024 – 2028. Þroskahjálpar fagnar þessum markmiðum en saknar þess að sérstaklega sé fjallað um fatlað fólk, sem er berskjaldaðisti hópurinn í öllum samfélögum og í gríðarlegri þörf fyrir stuðning. Fatlaðar konur og fötluð börn eru sérstaklega berskjölduð, jaðarsett, valdlaus og fátæk. Mjög mikilvægt er að flétta áherslur um hvernig skuli mæta sérstaklega þörfum fatlaðs fólks almennt og fatlaðra barna og kvenna sérstaklega inn í alþjóðlega þróunarsamvinnu til að uppfylla skyldur sem íslenskra ríkið hefur samkvæmt samningnum, sbr. m.a. 32. og 11. greinar hans.

Í stefnuþróðunum er fjallað um fjögur eftirfarandi málefna svið sem stefnt er á að leggja sérstaka áherslu á. Ljóst er að ekki mun nást fullnægjandi árangur á þessum sviðum ef ekki er sérstaklega hugað að þörfum, réttindum og hagsmunum fatlaðs fólks, svo sem skylt er að gera eins og útlistað er hér að ofan.

Hér á eftir fara ábendingar / athugasemdir Þroskahjálpar við hvert málefna svið en athygli er vakin á því að hér engan veginn um tæmandi talningu atriða að ræða og þau atriði sem tiltekin eru hér á eftir eru sett fram sem dæmi um hvers vegna það er nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um málefni fatlaðs fólks í stefnunni.:

I. Mannréttindi og jafnrétti kynjanna.

Hér er mikilvægt að beina sjónum sérstaklega að fötluðum konum, sem rannsóknir sýna m.a. að eru mun útsettari fyrir hvers kyns ofbeldi og misbeitingu en konur sem ekki eru fatlaðar, og konum sem eru mæður fatlaðra barna. Í að minnsta kosti í tveimur af þeim löndum sem Ísland á tvíhliða þróunarsamvinnu við í og Þroskahjálpar þekkir til í er það undantekningarlítið á hendi móður að annast fötluð börn sín og oft án aðstoðar föður sem oft yfirgefa fötluð börn sín og fjölskyldur sínar. Mjög mikilvægt er að valdefla fatlaðar konur og stúlkur til jafns við aðrar og án þess að beina sjónum að fötluðum konum og stúlkum verður kynbundið- og kynferðislegt ofbeldi ekki upprætt.

II. Mannauður og grunnstoðir samfélaga.

Afar mikilvægt er að tryggja aðgengi fatlaðra barna að menntun og öðrum tækifærum og tryggja að komið sé til móts við þarfir fatlaðra barna í skólastarfi og öðrum verkefnum sem miða að því að bæta aðstæður barna almennt. Reynslan sýnir að bættar aðstæður barna almennt skila sér alls ekki endilega í betri stöðu eða fleiri tækifærum fyrir fötluð börn. Hér geta viðhorf og hefðir haft áhrif en einnig skortur á aðlöðuðu umhverfi sem fötluð börn geta dvalist í.

III. Loftslagsmál og náttúruauðlindir.

Allar rannsóknir og reynslan sýnir að hagsmunir, réttindi og þarfir fatlaðs fólks eru iðulega ekki hafðar til hliðsjónar þegar gerðar eru hvers kyns neyðar-, mannúðar- eða þróunaráætlanir. Þetta á jafnt við um mannúðarstarf á atakavæðum, eins og t.a.m. reynslan frá Úkraínu sýnir og sannar, viðbrögð við heimsfaraldri Covid-19 (eins og reynslan alls staðar að úr heiminum, þar á meðal Íslandi, sýnir okkur) og neyðaráætlanir vegna loftslagsmála. Fáir hópar eru þó berskjaldaðari gagnvart þessum ógnunum þar sem fatlað fólk á mun erfiðara um vik að aðlagast breytingum eða forðast hættulegar aðstæður.

IV. Mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar

Fatlað fólk á flóttu er gríðarlega berskjaldaður hópur sem oft gleymist í aðgerðum sem miða að aðstoð og stuðningi við flóttafólk almennt. Vegna fötlunar sinnar á þessi hópur iðulega mun erfiðara með að sækja sér þá aðstoð sem er í boði eða getur ekki nýtt sér hana þar sem hún er sniðin að þörfum ófatlaðs fólks. Því miður er algengt að fatlað fólk sé skilið eftir þegar aðrir þurfa að flýja eða fara á aðrar slóðir vegna afleiðinga loftslagsþróunar – eða annarrar ógnir. Mjög mikilvægt er að huga vandlega að þessu í öllu starfi sem miðar að stuðningi við flóttafólk, aðstoð við ríki til að efla viðnámsþrótt og önnur verkefni sem falla hér undir. Landssamtökin Þroskahjálpar hafa undanfarin tvö ár fengið styrk frá utanríkisráðuneytinu til þess að sinna verkefnum í þágu fatlaðra barna í Mangochi í Malaví. Þá hafa

samtökin tekið þátt í umfangsmikilli vinnu við innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem leidd er af forsætis – og félags- og vinnumarkaðsráðherrum, þar sem m.a. var fjallað um þær greinar samningsins sem þegar hefur verið vísað til og hvernig mögulegt sé að uppfylla skyldur sem af þeim leiða. Þá hefur Þroskahjálpið öðlast mikla innsýn í þær alvarlegu afleiðingar sem það hafði fyrir fatlað fólk á Íslandi að ekki var gert ráð fyrir þörfum þess í neyðaráætlunum sem virkjaðar voru vegna Covid-19 faraldursins. Að lokum viljum við nefna að eftir innrás Rússlands í Úkraínu höfum við verið í miklu samband við systursamtök í Evrópu um aðstoð við fatlað fólk í landinu og höfum í gegnum það samstarf öðlast dýrmæta innsýn í hvernig best má bæta neyðaráætlanir þannig að þörfum allra sé mætt.

Landssamtökin Þroskahjálpið lýsa yfir miklum áhuga og vilja til þess að eiga samstarf og samráð við stjórnvöld um þau mikilvægu mál verkefni sem um er fjallað í þessari umsögn og þeirri stefnu sem hér er til umsagnar

SVAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Utánríkisráðuneytið þakkar Landssamtökunum Þroskahjálpið fyrir innsenda umsögn og tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að þörfum, réttindum og hagsmunum fatlaðs fólks bæði í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð líkt og annars staðar. Ráðuneytið vill vekja athygli á því að í verkefnum íslenskra stjórnvalda í tvíhliða samstarfslöndum Íslands er sannarlega gætt að réttindum og þörfum fatlaðra og mun ráðuneytið áfram beina sjónum sínum að þeim viðkvæma hópi. Hefur samstarf við Landssamtökin Þroskahjálpið verið mikilvægur liður í að efla þann þátt starfsins, sem án efa má styrkja enn fremur, ekki síst á sviði loftslagsmála. Ráðuneytið kann Þroskahjálpið því bestu þakkir gagnlegar ábendingar sem nýst hafa við styrkingu draganna einkum hvað varðar stöðu, réttindi og þátttöku fatlaðra í verkefnum Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Fagnar ráðuneytið áframhaldandi samstarfi við Þroskahjálpið um þennan mikilvæga málaflökk.

UMSÖGN 6 – LANDSNEFND UN WOMEN Á ÍSLANDI

UN Women á Íslandi er ein þrettán landsnefnda UN Women Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna og vill koma eftirfarandi athugasemdum áleiðis um drögin.

1. Samstarf við UN Women:

UN Women á Íslandi fagna því að áfram verði horft til UN Women sem einnar af fjórum áherslustofnunum í marghliða þróunarsamvinnu. Ísland hefur reynst stofnuninni gríðarlega mikilvægur og dyggur stuðningsaðili í gegnum árin, bæði fjárhagslega og málefnalega. Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt en einmitt núna að horfa til jafnréttismála þegar við stöndum frammi fyrir því að vera hálfnuð í vegferð okkar að ná Heimsmarkmiðum SP árið 2030. Við stöðutöku kemur í ljós að það markmið sem á hvað lengst í land er einmitt fimmta markmiðið um jafnrétti kynjanna. Það er augljóst að ef við horfum ekki til þessa markmiðs munum við ekki heldur ná hinum sextán markmiðunum, þar sem jafnrétti er grundvöllur allra markmiðanna. Í þessu samhengi er því líka mikilvægt að nefna og ánægjulegt að sjá að íslensk þróunarsamvinnuáætlun horfir á mannréttindi og þar undir jafnrétti kynjanna sem leiðarstef þróunarsamvinnu til næstu ára líkt og undanfarin ár. Mjög ánægjulegt er að sjá fjallað meira um samspil loftslags-, umhverfis, og jafnréttismála en þar er gríðarlega mikilvægt verkefni óunnið og tækifæri fyrir Ísland að láta til sín taka á þessu sviði, sérstaklega með það í huga að horfa til berskjaldaðra hópa og þeirra sem verða hvað verst úti í þessum hamförum. UN Women á Íslandi vill einnig ítreka það að UN Women starfar í mannúðarmálum. Í lok árs 2022 varð UN Women hluti af mannúðarteymi Sameinuðu þjóðanna (IASC) sem er gríðarlega mikilvægt skref og skapar um leið tækifæri fyrir Ísland að styðja við þau verkefni. Það er einnig í takt við jafnréttisáherslur Íslands sem og áherslur Íslands á konur, frið og öryggi að styðja við jaðarsetta hópa í neyð og átökum þar sem sértækar þarfir þeirra eru því miður enn oft gleymdar eða eftirá hugsun. UN Women horfir til þessara berskjölduðustu hópa sem oftast verða

útundan í öllum viðbrögðum við neyðar- og mannúðarkrísum. Þessir hópar eru til að mynda konur, stúlkur, fatlaðir, eldra fólk og hinsegin fólk. Allt hópar sem UN Women vinnur við að tryggja ná til og að þeirra þörfum sé mætt þannig að enginn sé skilinn eftir.

2. Framlög til þróunarsamvinnu:

UN Women á Íslandi fagnar áætluðum hækkunum á framlagi til þróunarmála sem eru svo sannarlega í áttina að þeim skuldbindingum sem Ísland setti sér fyrir mörgum áratugum síðan, en hafa því miður aldrei raungerst. Mikilvægt er að horfa til stöðunnar í heiminum í dag og umræðu um flóttafólk og hælisleitendur. Ísland sem eitt mesta velmegunarsamfélag í heiminum í dag, sem byggðist upp úr fátækt eftir seinni heimstyrjöld með þróunarfrármagni 3 Marshall aðstoðarinnar allt fram á áttunda áratug síðustu aldar, á að geta gert betur. Til að vera þjóð á meðal þjóða og hluti þeirra þjóða sem við gjarnan viljum bera okkur saman við, væri æskilegt að hækka framlög til þróunarsamvinnu enn meira og í takt við þær ábendingar sem OECD (DAC) hefur ítrekað bent á og nefna í sinni jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands sem kom út í vor.

UN Women á Íslandi hlakka til áframhaldandi farsæls samstarfs og samráðs og eru ávallt boðin og búin að vera innan handar þegar þörf er á.

SVAR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Utánríkisráðuneytið þakkar Landsnefnd UN Women innsenda umsögn og tekur undir með landsnefndinni að jafnrétti kynjanna gegni lykilhlutverki við að ná Heimsmarkmiðunum. Mikilvægi jafnréttismála í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands endurspeglast meðal annars í því að UN Women er ein af fjórum áherslustofnunum í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Íslensk stjórnvöld eru stolt af því að vera þriðja stærsta framlagsríki UN Women miðað við höfðatölu og hafa á undanförunum árum aukið framlög sín til UN Women umtalsvert, ekki síst í formi kjarnaframlaga. Slík framlög gera UN Women kleift að bregðast við þegar neyð brýst út og styðja við svæði þar sem mannúðarástand ríkir.

Utánríkisráðuneytið undirstrikar að íslensk stjórnvöld styðja áfram heilshugar markmið Sameinuðu þjóðanna um að veita sem nemur 0,7% af VPT til opinberrar þróunarsamvinnu. Sú árlega hækkun framlaga sem lögð er til í drögunum er mikilvæg varða í átt að því markmiði, og sé miðað við svipaða árlega hækkun næstu árin má gera ráð fyrir því að Ísland nái markmiði sínu árið 2035. Tilvísan þess efnis hefur verið bætt inn í textann í samræmi við ábendingar Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) þess efnis.

Varðandi athugasemd landsnefndarinnar um að stefnumótun ætti að vera gerð óháð kostnaði íslenskra stjórnvalda við móttöku fólks á flótta og hælisleitenda bendir ráðuneytið á að líkt og önnur aðildarríki Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) fylgja íslensk stjórnvöld samþykkttri aðferðafræði DAC um hvað telst til opinberra þróunarframlaga. Rétt er að benda á að aðeins lítill hluti kostnaðar við umsækjendur um vernd og móttöku þeirra getur talist til opinberra framlaga til þróunarsamvinnu.